

Ed.

56. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 60. löggjafarþingi, 1942.)

1. gr.

Við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara 5. júlí 1942, skulu öll framboð í kjördæmum tilkynnt hlutaðeigandi yfirkjörstjórn skriflega og eigi síðar en 28 dögum fyrir kjördag. Landslistar skulu tilkynntir landskjörstjórn á sama hátt og eigi síðar en 27 dögum fyrir kjördag.

2. gr.

Peir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns utan kjörfundar við alþingiskosningar 5. júlí 1942, eiga rétt á að greiða atkvæði úr því að 25 dagar eða styttri tími er til kjördags, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir:

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 18 25. jan. 1934,
um kosningar til Alþingis.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsyn beri til að stytta fresti þá, er um ræðir í 26. og 66. gr. kosningalaganna, við kosningar þær, er fram eiga að fara 5. júlí 1942.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara 5. júlí 1942, skulu öll framboð í kjördæmum tilkynnt hlutaðeigandi yfirkjörstjórn skriflega og eigi síðar en 28 dögum fyrir kjördag. Landslistar skulu tilkynntir landskjörstjórn á sama hátt og eigi síðar en 27 dögum fyrir kjördag.

2. gr.

Peir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns utan kjörfundar við alþingiskosningar 5. júlí 1942, eiga rétt á að greiða atkvæði úr því að 25 dagar eða styttri tími er til kjördags, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.